



Viðskipti, viðskiptasamningar, viðreisn efnahagsins Marshallaðstoð, ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Stjórn mála – Ræður – Viðskiptasamningar – Viðreisn – Marshall -
Marshallaðstoð – Efnahagslífið

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það var að kvöldi dags hinn 4. júlí fyrir réttu ári, sem sendiherrar Bretlands og Frakklands báru fram boð ríkisstjórna sinna til Íslensku ríkisstjórnarinnar um, að taka þátt í samstarfi Evrópuríkjanna til að hagnýta sér hið göfugmannlega, er utanríkisráðherra Bandaríkjanna í hinni sögulegu Harvard-ræðu sinni gerði Evrópuríkjunum um aðstoð þeim til viðreisnar.

Íslenska ríkisstjórnin hikaði ekki við að taka þegar frá upphafi þátt í þessu samstarfi og undirbúningi þess. Enda veit hún, að í því fer hún að vilja Alþingis og Íslensku þjóðarinnar.

Undirbúningi viðreisnaráformanna er nú að ljúka með staðfestingu þátttökuríkjanna á samningum þeim, sem framkvæmdirnar eiga að fara eftir. Í dag hefur forseti Íslands staðfest í ríkissráði samning um efnahagssamvinnu Evrópu, sem gerður var í París hinn 16. apríl s.l., og veitt mér umboð til að undirrita fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu, og tekur hann því samkvæmt stjórnskipunarlægum Íslands gildi, þegar hann verður undirritaður.

Með þátttöku sinni í því starfi, sem nú er framundan, stuðlar Ísland af sinni hálfu að því, að viðreisn takist í þeim hluta heims, er vér byggjum. Íslandi væri bæði skylt og ljúft að leggja þar fram sinn skerf, þó að það hefði sjálft af því engan beinan ávinning.

Hlutar Íslendinga verður vissulega ekki góður til lengdar, ef örbrigð og öngþveiti ríkir í Evrópu. Markaðir fyrir útflutningsvörur Íslendinga og möguleikar til vöruútvegunar til landsins eru háðir því, að góð skipan komist á mál viðskiptaþjóða vorra. Ísland sjálft hefur þessvegna ríka hagsmuni af því, að viðreisn verði í Evrópu.

Íslendingar fá samkvæmt þessu ráðgerðum kost á fe til að

halda áfram og efla þá nýsköpun atvinnulífsins, sem oss
ríður á, að ekki stöðvist.

Ríkisstjórn Íslands er þess því viss, að með fullri
þátttöku í þessu starfi er unnið að heill Íslands bæði í
bráð og lengd.

Ríkisstjórnin metur mikils hlut allra þeirra, sem
lagt hafa hönd að verki við undirbúning þessa máls. Hún
lýsir ánægju sinni yfir, að Íslandi var gefinn kostur á að
taka þátt í þessu mikilvæga starfi og hún tekur undir þakk-
lætit það, sem nú er víðsvegar að flutt til þjóðar og stjórn-
valda Bandaríkjanna fyrir þá víðsýni og stórhug, sem þarf
til að hrind fram þessum miklu áformum, er líkleg eru til
að valda aldahvörfum til góðs um velferð og vinsamlega
sambúð þjóðanna